

# Starfsáætlun Hagstofu Íslands 2019

## Efni

Yfirlit .....	4
Stefna og starfsáætlun .....	5
Hlutverk .....	5
Framtíðarsýn .....	5
Gildi .....	5
Stefna .....	5
Markmið .....	6
Mæta þörfum notenda og vinna með hagsmunaaðilum .....	6
Tryggja gæði og réttar aðferðir .....	6
Tryggja öryggi upplýsinga .....	6
Nýsköpun og þróun .....	6
Bæta miðlun og samskipti .....	6
Beta vinnuumhverfi .....	7
Efla rannsóknir .....	7
Starfsmannamál .....	7
Verkefni 2019 .....	7
Stjórnsýsla og samstarf .....	8
Alþjóðamál .....	8
Aðferðafræði og rannsóknir .....	8
Samskipti og miðlun .....	9
Gæðamál .....	9
Efnahagssvið .....	10
Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál .....	10
Utanríkisverslun .....	11
Vísitölur .....	11
Félagsmálasvið .....	12
Vinnumarkaður .....	12
Laun .....	12
Starfaflokkun .....	13
Tekjur og skuldir .....	13
Menntun .....	13

Mannfjöldi og manntal .....	13
Húsnæði .....	13
Menning og listir .....	13
Miðlun .....	14
Börn .....	14
Kosningar .....	14
Félagsvísar .....	14
Upplýsingatækniotkun heimila og einstaklinga .....	14
Heilsufarsrannsókn .....	14
Lífskjararannsókn .....	15
Félagsvernd .....	15
Fyrirtækjasvið .....	16
Hagtölur um fyrirtæki .....	16
Rannsókn á nýjungavirkni og nýsköpun fyrirtækja .....	17
Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði .....	17
Tölfræði um ferðaþjónustu .....	17
Umhverfistölfræði og umhverfisreikningar .....	18
Rekstrarsvið .....	19
Fjármál og rekstur .....	19
Gagnasöfnun .....	19
Úrtaksrannsóknir .....	20
Móttaka .....	20
Upplýsingatækni .....	20

## Yfirlit

Hagstofa Íslands skiptist í fimm svið; stjórnsýslu og samstarf, efnahagssvið, félagsmálasvið, fyrirtækjasvið og rekstrarsvið auk skrifstofu yfirstjórnar. Helstu verkefni ársins mótast af stefnu Hagstofunnar 2019 og forgangsröðun verkefna í samræmi við markmið og aðgerðir í fjárlagafrumvarpi 2019.

[Stefnu og verkefni 2019](#) má nálgast á vefnum og eins á [birtingaráætlun](#), en hér eru birtar starfsáætlanir einstakra sviða.

# Stefna og starfsáætlun

## Hlutverk

Hagstofan vinnur hlutlægar hagskýrslur, hefur forystu um samhæfingu hagtalna, stundar rannsóknir og stuðlar þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

## Framtíðarsýn

Hagstofan er framsækin miðstöð hagskýrslugerðar og stendur jafnfætis þeim hagstofum í Evrópu sem eru til fyrirmyndar.

Hagstofan er góður og eftirsóttur vinnustaður sem einkennist af skilvirkni, nýsköpun og sveigjanleika.

## Gildi

Hlutlægni – Trúverðugleiki – Þjónusta

## Stefna

Hagstofa Íslands stefnir að því að:

- Uppfylla þarfir innanlands fyrir tölfraðilegar upplýsingar um efnahagsmál, samfélagsmál, fyrirtæki og rekstur fyrirtækja.
- Starfsemin sé í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.
- Tryggja gæði opinberra hagtalna á Íslandi með sömu leiðum og fram koma í meginreglum evrópskrar hagskýrslugerðar.
- Tryggja öryggi upplýsinga þannig að þær séu aðgengilegar en fullnægi þó kröfum um persónuvernd.

## Markmið

### Mæta þörfum notenda og vinna með hagsmunaaðilum

Hagstofa Íslands hefur frumkvæði að reglulegum samskiptum við notendur til að öðlast betri skilning á þörfum þeirra. Áhersla er lögð á góð samskipti við gagnaveitendur, meðal annars til að auka þekkingu á gæðum stjórnsýslugagna. Hagstofan tekur forystu í skipulegu samstarfi við aðra framleiðendur. Markvisst samstarf við hagsmunaaðila eykur skilning á þörfum þeirra og leiðir í ljós gagnkvæman ávinning.

### Tryggja gæði og réttar aðferðir

Hagstofa Íslands gefur út hagtölur og veitir þjónustu þar sem gæði eru í fyrirrúmi. Áhersla á vönduð vinnubrögð er nauðsynleg til þess að viðhalda trausti og bæta árangur. Í samfélagi ofgnóttar upplýsinga á að vera hægt að treysta því að Hagstofan birti hlutlægar og traustar upplýsingar.

### Tryggja öryggi upplýsinga

Hagstofan tryggir öryggi upplýsinga með vottuðu stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem byggist á alþjóðlega staðlinum ISO 27001. Meðferð trúnaðarupplýsinga er vönduð og örugg í samræmi við lög um persónuvernd.

### Aukin nýsköpun og þróun

Hagstofa Íslands leggur áherslu á nýsköpunar- og þróunarverkefni til að ná markmiðum sínum. Hagstofan dregur úr svarbyrði með því að samræma betur og hagnýta eigin gagnasöfn, nýta stjórnvaldsskrár, beita nýjustu tækni við gagnaöflun og með viðeigandi aðferðafræðilegum lausnum. Hagstofan þróar nýjar aðferðir við hagskýrslugerð og hvetur starfsmenn til að nota nýjar lausnir við úrlausn verkefna, svo sem með áherslu á aðferðalegar lausnir og með því að beita gervigreind, vélnámi og gagnanámi í auknum mæli.

### Bæta miðlun og samskipti

Hagstofan leitast við að ná til breiðs hóps notenda og leggur áherslu á að höfða til almennings og fjölmiðla. Stefnt er að því að bæta aðgengi að hagtölum og öðru efni með markvissri notkun á upplýsingatækni. Hagstofan mætir þörfum notenda um hagtölur og lagar sig að breyttum þörfum þeirra. Mat notenda á þjónustunni og viðbrögð Hagstofunnar við því leggja grunninn að árangri.

## Bætt vinnuumhverfi

Mikilvægt er að stuðla að starfsánægju og bættri líðan starfsmanna. Þannig verður Hagstofan eftirsóknarverður og fjölskylduvænn vinnustaður. Gott vinnuumhverfi eykur ánægju starfsmanna og örvar framleiðni. Hagstofan leitast við að styðja starfsmenn til að sækja sér aukna fræðslu með það að markmiði að auka færni þeirra og þekkingu, auk þess að gefa þeim kost á að þróast í starfi. Bætt upplýsingaflæði og opin skoðanaskipti milli starfsmanna og stjórnenda sitja í fyrirrúmi. Hagstofan styður við heilsuefingu starfsmanna.

## Efla rannsóknir

Hagstofan leggur áherslu á uppbyggingu rannsóknarstarfs og samstarf við rannsóknasamfélagið. Öflugt rannsóknarstarf styður við hagtölugerð og gerir Hagstofunni kleift að efla upplýsta stefnumótun og umræðu. Uppbygging rannsókna er mikilvægur liður í að gera stofnunina að eftirsóknarverðum vinnustað. Gerður er skýr greinarmunur á rannsóknum og hagskýrslugerð í starfsemi stofnunarinnar.

## Starfsmannamál

Unnið verður að jafnlaunavottun á árinu en ráðgert er að þeirri vinnu verði lokið með vottun fyrir árslok 2019.

Í fræðslumálum verður áhersla lögð á aukna fræðslu til stjórnenda í þeim tilgangi að efla stjórnun við stofnunina.

# Verkefni 2019

- Umhverfisreikningar
- Endurskoða starfaflokkun
- Hagtölur um laus störf
- Manntal 2021
- Hagtölur um húsnæðismál
- Hagtölur um ferðaþjónustu
- Hagtölur um menningu og listir
- Nýsköpun og þróun
- Jafnlaunavottun

## Stjórnýsla og samstarf

### Alþjóðamál

Unnið verður að því að taka upp breytt verklag við innleiðingu á Evrópureglugerðum í tengslum við nýjan EES-gagnagrunn Utanríkisráðuneytisins. Gengið verður frá samstarfssamningum og komið á samstarfsvettvangi við aðra opinbera hagskýrsluframléiðendur.

Áfram verður unnið að því að bæta eftirlit og umsjón með erlendum styrkjum og stuðningur verður eflur, í samstarfi við rekstarvið Hagstofunnar við rekstur verkefna sem njóta styrkja.

Stutt verður við vinnu Forsætis- og Utanríkisráðuneytis við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Ef aðföng leyfa mun umsýsla og þróun á mælikvörðum Heimsmarkmiðanna á vegum Hagstofunnar hefjast á árinu.

Hagstofan tekur þátt í Norræna tölfræðingamótinu sem haldið verður í Helsinki í ágúst. Þar koma hagstofur Norðurlandanna saman til að læra hver af annarri og ræða helstu þróun á sviði hagskýrslugerðar. Viðfangsefni mótsins í ár er *Facts for future* og má sjá nánari upplýsingar á heimasíðu tölfræðingamótsins (<https://www.nsm2019.fi/>).

Unnið verður að uppfærslu á reglugerð nr. 777/2016 um gildistöku og innleiðingu tiltekinna gerða Evrópusambandsins á sviði hagskýrslugerðar.

### Aðferðafræði og rannsóknir

Unnið verður að innleiðingu og stuðningi við R sem tölfræðihugbúnaði við framleiðsluferla opinberrar hagskýrslugerðar á Hagstofunni. Einnig verður unnið að verkefnum er snúa að evrópskri sannprófun (e. validation) gagna en á því sviði verða þróaðar lausnir í R til að smíða sannprófunartól fyrir ýmis gögn til hagskýrslugerðar. Einnig verða gerðar aðferðafræðilegar úttektir og greinargerðir í tengslum við launavísitölu, neysluverðsvísitölu og samhæfðu neysluverðsvísitöluna.

Haldið verður áfram að kynna fyrir rannsóknarsamfélaginu þá þjónustu sem Hagstofan getur boðið við afgreiðslu örgagna til vísindalegra rannsókna. Það verður gert með því að halda kynningar ásamt virkri þátttöku í þeim viðburðum þar sem rannsakendur koma saman.

Nýtt afgreiðsluferli fyrir afgreiðslu örgagna til vísindarannsókna verður innleitt með það að leiðarljósi að hraða afgreiðslutíma umsókna. Stefnt er að því að formlegt umsóknaferli taki innan við 8 vikur að meðaltali eftir að breytingarnar



hafa verið innleiddar sem er mjög ásættanlegt í alþjóðlegum samanburði.

Gerðir hafa verið samstarfssamningar við fjórar deildir Háskóla Íslands og viðskiptafræðideild HR um samvinnu við meistaraverkefni nemenda. Í samræmi við samningana verður unnið að því að koma á samvinnu milli sérfræðinga Hagstofunnar og nemenda um verkefnin. Áfram verður lögð áhersla á góða samvinnu við notendahóp rannsóknarsamfélagsins, m.a. með tveimur fundum á árinu.

### Samskipti og miðlun

Miðlunarteymið vinnur náið með öllum sviðum Hagstofunnar. Það sér um að svara fyrirspurnum sem berast í upplýsingasíma Hagstofunnar og kemur auk þess að allri miðlun á hagtölum, hvort sem er á vef Hagstofunnar eða samfélagsmiðlum.

Haldið verður miðlunarnámskeið, með það að markmiði að efla kunnáttu starfsmanna við gerð fréttu og innsetningu talnaefnis. Stefnt er á að námskeiðið verði haldið árlega og opið öllum starfsmönnum Hagstofunnar.

Þróunarvinna á vef Hagstofunnar verður aukin og komið í fastara form auk þess sem lagður verður grunnur að því að færa miðlun hagtalna yfir í vefútgáfur.

Á árinu 2019 verður unnið áfram með gæðamat og útgáfufurli sem tekið var upp árið 2017 og hefur gefist vel. Þróuð verður ársfjórðungsleg skýrsla sem gefur yfirlit yfir miðlun stofnunarinnar. Stofnaður verður notendahópur fjölmiðla og haldinn verður fundur norræna hagstofa um vefmál.

Komið verður á fót innra fréttabréfi Hagstofunnar með það að markmiði að auka upplýsingaflæði innan stofnunarinnar. Skoðuð verður evrópsk vinna um hlutverk samskipta við hagtölugerð og haldið áfram að byggja upp samskiptahlutverk nýrrar deildar samskipta og miðlunar.

Áfram verður lögð áhersla á að kynna Hagstofuna, helstu afurðir hennar og þjónustu, ásamt því að bregðast við opinberri umfjöllun þegar það á við.

### Gæðamál

Nýr persónuverndarfulltrúi mun leiða vinnu tengdri innleiðingu á nýrri persónuverndarlöggjöf innan Hagstofunnar. Komið verður á verklagi við innri úttektir og unnið verður að samþættingu gæða- og öryggiskerfis í samstarfi við rekstarsvið Hagstofunnar.

Fylgst verður með upplýsingum og þeim miðlað til starfsmanna varðandi innleiðingu á lykilverkefnum tengdum Evrópska tölfræðisamstarfsins (ESS Vision 2020) og komandi jafningamati (ESS Peer review). Einnig verður lagður grunnur að skipulögðu umbótastarfi og verður hann einn af grunnstoðum gæðamála á Hagstofunni.

## Efnahagssvið

Á sviði þjóðhagsreikninga verður aukin áhersla lögð á endurbætur á framleiðslu- og tekjuskiptingaruppgjöri ásamt uppruna- og ráðstöfunartöflum, auk þess sem haldið verður áfram með einstök endurbótaverkefni.

Í utanríkisverslun er unnið að upptöku samræmnds tollskýrsluskjals fyrir útflutning og innflutning (SAD-skjal). Þróun mánaðarlegra þjónustuviðskipta heldur áfram og hafin er vinna við að þróa nýjar tæknilausnir varðandi villuleit og gæðaprófanir frumgagna.

Áhersla í vísitölum verður á tæknilegar úrbætur í vinnsluferlum með það að markmiði, að auka skilvirkni og gæði.

### Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál

Áfram verður unnið að því að framfylgja áætlun, um að fullnægja alþjóðlegum kröfum á sviði þjóðhagsreikninga sem og almennum þörfum innlendra sem erlendra notenda hagtalna, auk almennra umbóta í úrvinnslu þjóðhagsreikninga og uppfærslu á vinnsluferfi þeirra. Efst á baugi í því sambandi er undirbúningur á framleiðsluuppgjöri á ársfjórðungsgrunni og gerð uppruna- og ráðstöfunartaflna.

Öðrum úrbótaverkefnum verður haldið áfram svo sem endurbótum á einstaka liðum einkaneyslunnar og uppgjöri mismunandi geira, þ.e. heimila, fyrirtækja og hins opinbera og í fjármunamyndun og fjármunaeign. Þróunarstarfi við fjármálareikninga verður haldið áfram, bæði vegna flæði- og stöðustærða og flokkum fjármálagerninga. Sérstök áhersla verður á gerð ársfjórðungslegra fjármálareikninga fyrir hið opinbera. Þróun fjármálareikninga er unnin í samvinnu við Seðlabanka Íslands.

Ferðþjónustureikningar eru nú unnir sem hluti af vinnslu þjóðhagsreikninga og áfram verður unnið við að þróa aðferðir og gagnaöflun til að styrkja vinnsluna og tryggja tímanlega birtingu.

Birting á vinnumagnstölum, þ.e. fjölda vinnustunda, starfandi og starfa er nú í samræmi við þjóðhagsreikninga. Lögð verður áhersla á, að birta þessar tölur aftur til 2005 og unnið verður að því að styrkja vinnsluferlið, með það að markmiði að auka sjálfvirkni og hagkvæmni vinnslunnar.

Áfram verður unnið í samstarfi við Fjármálaráðuneyti, Fjársýslu og Samtök sveitarfélaga að því verkefni að byggja upp samræmdan gagnagrunn fjárhagsupplýsinga hins opinbera. Áfram er unnið að nýrri og uppfærðri útgáfu COFOG staðalsins og er sú vinna langt komin.

## Utanríkisverslun

Innleiðing á samræmdu tollskýrsluskjali (SAD-skjal) kallar á breytingar á vinnslukerfi vöruviðskipta auk þess að staðlaðar sannprófanir í vöruviðskiptum verða aðlagðar að leiðbeiningum frá Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Samhliða þessum verkefnum verður unnið að greiningu vöruviðskipta eftir fyrirtækjaeinkennum.

Á síðasta ári hófst útgáfa mánaðarlegra heildartalna þjónustuviðskipta við útlönd. Samhliða því eru birtar mánaðarlegar heildartölur fyrir vöru- og þjónustuviðskipti. Þessi tölfræði er enn í þróun og verður unnið að því að styrkja aðferðafræðilegan grunn og koma birtingum í fastan farveg.

Í undirbúningi er umfangsmikill uppfærsla á hug- og vélbúnaði í vinnslu utanríkisviðskipta og áfram verður lögð áhersla á að uppfylla staðla ESB varðandi þjónustuviðskipti við útlönd. Helst snertir það endurmat á tryggingaþjónustu, ársfjórðungslega birtingu á landaskiptingu þjónustu og endurbætur á samgöngu- og flutningalið þjónustuviðskipta.

## Vísitölur

Áhersla í vísitölum verður á tæknilegar úrbætur í vinnsluferlum með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði. Sérstaklega verður horft til rannsóknar á útgjöldum heimilanna og vísitölu neysluverðs í þessu samhengi.

Á árinu verður stefnt að gerð heilsteyprar aðferðafræðilýsingar fyrir samræmda vísitölu neysluverðs miðað við evrópskan staðal og hafist hefur verið handa um að endurskoða aðferðir og verkferla í vísitölu framleiðsluverðs.

Hugað verður að undirbúningi fyrir uppfærslu neysluflokkunarkerfis fyrir einkaneyslu, COICOP 2018. Kerfið er mikið endurnýjað frá fyrri útgáfu COICOP 2000.

## Félagsmálasvið

Á félagsmálasviði verður með hefðbundnum hætti unnið að hagtölum um lýðfræði, mannfjölda, félagsmál, heilbrigðismál, kosningar, lífskjör, vinnumarkað, notkun á upplýsingatækni, laun, launakostnað, tekjur, skuldir, menntun, skóla, fjölmiðla, menningu og listir samhliða umbótavinnu og þróun nýrra verkefni. Sviðið skiptist í tvær deildir; Atvinna, lífskjör og mannfjöldi og Laun, tekjur og menntun. Sérstök áhersla verður lögð á nýsköpun árið 2019 þar sem meðal annars verður unnið að breyttu vinnulagi með notkun tölfraeðihugbúnaðarins R og nýmælum í birtingu hagtalna.

### Vinnumarkaður

Áfram verður unnið að bættri vinnumarkaðstölfræði á árinu. Unnið er að breyttum birtingartakti þar sem áhersla verður lögð á ársfjórðungsútgáfur á fjölbreyttum hagtölum um vinnuaflið, vinnumarkað og laun. Vorið 2019 hefjast birtingar á upplýsingum um laus störf byggð á sérstakri ársfjórðungslegri rannsókn meðal lögaðila á áformum þeirra um ráðningar. Jafnframt verður unnið að frekari þróun á hagtölum um vinnuafl samkvæmt skráum sem birtust á síðasta ári og stefnt að aukinni sundurliðun á árinu.

Áfram verður unnið að umbótum á mælingum á vinnutíma en fengist hefur styrkur frá Eurostat til þeirrar vinnu. Stefnt er að því að leggja fyrir aukaspurningar um vinnutíma í vinnumarkaðsrannsókn haustið 2019 til að fá betri upplýsingar um unnar stundir. Samhliða verður unnið að innri umbótum á framkvæmd til að auka hagkvæmni og minnka áhættu í rekstri.

### Laun

Stefnt er að tíðari birtingu á hagtölum um laun, sem hluti af ársfjórðungstakti þar sem gefnar verða út fjölbreyttar hagtölur um vinnuaflið, vinnumarkað og laun.

Áfram verður unnið að bættri þekju launarannsóknar, þannig að hún nái til allra atvinnugreina. Auk þess verður áfram unnið að greiningu á launavísitölu sem miðar að því að skoða hvort einangra megi áhrif starfsaldurs og menntunar á launaþróun. Á árinu er stefnt að innlendri birtingu á vísitölu launakostnaðar sem gefur kost á að skoða þróun launakostnaðar, auk þess sem unnið verður að frekari þróunarvinnu um launakostnað.

Unnið er að greiningu á launamun innflytjenda í samstarfi við Félagsmálaráðuneytið og stefnt að birtingu í febrúar.

Á árinu verður samstarf Hagstofu við aðila vinnumarkaðarins endurskoðað en samstarfið byggir á samstarfssamningum sem gilda til ársloka. Sérvinnsalur um launaupplýsingar vegna gerð kjarasamninga hafa áfram forgang umfram önnur verkefni í málafloknum.

## Starfaflokkun

Unnið verður áfram að innleiðingu á nýju starfaflokkunarkerfi sem byggir á alþjóðlegum staðli ISCO08. Á síðasta ári hófst vinna við þýðingu staðalsins en árið 2019 verður unnið að staðfæringu og frágangi flokkunarkerfis. Starfaflokkun er grundvöllur að opinberri hagskýrslugerð um íslenskan vinnumarkað, en hefur einnig víðtæka skírskotun í samfélaginu svo sem við ýmsar launagreiningar.

## Tekjur og skuldir

Áfram verður unnið að þróun á hagtölum um tekjur, eignir og skuldir á grundvelli skattgagna. Stefnt er að birtingu atvinnutekna eftir atvinnugreinum á árinu.

## Menntun

Áfram verður unnið að umbótarvinnu á gagnavinnslu til að geta staðið við tímanleg gagnaskil vegna lagalegar skuldbindingar á sviði menntatölfræði. Jafnframt verður unnið að því að koma gögnum um hæstu menntun í rekstur innanhúss. Gögnin miða að samræmdri skrásetningu á hæstu menntun einstaklinga og verða hagnýtt með fjölbreyttum hætti í félagsmálatölfræði.

## Mannfjöldi og manntal

Unnið verður að fyrstu skrefum manntals ársins 2021 með því að kortleggja verkefnið og skipuleggja högun þeirra gagnasafna sem notuð verða til að vinna manntalið.

Áfram verður unnið að norrænu verkefni um áhrif fólksflutninga milli Norðurlandanna.

Auk hefðbundinna útgáfa í mannfjöldatölum, verða í haust gefnar út tölur um giftingar, sambúð og skilnaði en sú útgáfa hefur legið niðri um nokkurra ára skeið. Einnig verða gefnar út tölur um lífslíkur eftir menntun og kyni.

## Húsnæði

Unnið verður að þróun nýrra hagtalna um húsnæðismál. Fyrsti áfangi verkefnisins felur í sér mat á skráargögnum og tillögur að umbótum. Stefnt er að árlegum stöðutölum húsnæðis þar sem gerð verður grein fyrir í hvernig húsnæði landsmenn búa, hvort híbýlum hafi fjölgað eða fækkað, lýðfræðilegt samhengi, gæði húsnæðis, húsnæðiskostnaði og búsetumynstur. Því til viðbótar, felur verkefnið í sér bættar upplýsingar um fjárfestingu á húsnæðismarkaði.

## Menning og listir

Fyrirhugað er fyrsta birting hagrænna mælikvarða menningar og lista verði í maí. Fyrstu niðurstöður munu fyrst og fremst snúa að fjölda starfandi í atvinnugreinum menningar og lista, fjöldi starfandi sem lokið hafa listnámi og upplýsingar um höfundarréttargreiðslur og styrki úr skattagögnum. Ennfremur er verið að skoða

að hvaða marki hægt er að vinna menningartengdar tölfræðiupplýsingar úr fyrirtækjagögnum Hagstofunnar, tölum um utanríkisverslun og þjóðhagsreikningum. Meðfram þessari vinnu verður hönnuð menningarneyslukönnun sem fyrirhugað er að leggja fyrir haustið 2019. Vænta má niðurstaðna úr henni snemma árs 2020.

### **Miðlun**

Á árinu er fyrirhuguð útgáfa á tekjum fjölmiðla, þar með taldar auglýsingatekjur, auk birtingar á tölum um blaðaútgáfu, tölum um kvikmyndir og myndasýningar, útgáfu mynddíska og um úrskurði siðanefndar blaðamanna. Áhersla er ennfremur lögð á gagnaskil til alþjóðastofnana og í tengslum við fjölþjóðlegt samstarf í birtingu á tölum um miðlun (til dæmis EAO, NORDICOM, UNESCO).

### **Börn**

Áfram verður unnið að frekari hagtölum um börn í samstarfi við umboðsmann barna með það fyrir augum að auðvelda aðgengi að tölum og greina hvað vanti upp á heildstæða mynd.

### **Kosningar**

Í mars verður gefin út kosningaskýrsla um sveitarstjórnarkosningar 2018 en í henni verður gerð grein fyrir framboðum, úrslitum og framkvæmd kosninga auk þess sem birtar verða upplýsingar um kosningaþátttöku.

### **Félagsvísar**

Í upphafi ársins birtist greinargerð um endurskoðun félagsvísar þar sem kynnt var ný uppbygging þeirra. Ennfremur voru gefnir út félagsvísar um innflytjendur. Áætluð er árleg útgáfa félagsvísa í apríl.

### **Upplýsingatækninotkun heimila og einstaklinga**

Framkvæmd verður rannsókn á upplýsingatækninotkun heimila og einstaklinga á Íslandi en um er að ræða úrtaksrannsókn sem byggir á samevrópskum aðferðum. Niðurstöðurnar verða samanburðarhæfar við niðurstöður annarra landa Evrópu og yfir tíma innanlands, þar sem rannsóknin hefur verið framkvæmd héraendis, með hléum, frá árinu 2002.

### **Heilsufarsrannsókn**

Rannsókn á heilsufari verður lögð fyrir öðru sinni en rannsóknin var síðast framkvæmd 2016. Rannsóknin er lögbundið verkefni Hagstofunnar og er framkvæmd af öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu árið 2019.

### **Lífskjararannsókn**

Áfram verður unnið að umbótum á framkvæmd og úrvinnslu lífskjararannsóknar með það fyrir augum að straumlínulaga rannsóknina. Áætlað er að fyrstu merki þessarar vinnu sjáist á næstu misserum við aukinn tímanleika í útgáfum á hagskýrslum um lífskjör.

### **Félagsvernd**

Á árinu 2018 var tekinn upp þráðurinn í samstarfsverkefni Hagstofunnar, Félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um söfnun gagna um félagsvernd sveitarfélaga. Verður vinnunni haldið áfram á árið 2019.

## Fyrirtækjasvið

### Hagtölur um fyrirtæki

Á síðustu árum hefur verið unnið að uppbyggingu fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar. Verkefninu hefur verið áfangaskipt, þannig að viðbótum og nýjum upplýsingum sem unnið er að á hverjum tíma sé hægt að nýta strax til auðgunar á tölfraði sem framleidd er um atvinnugreinar og fyrirtæki. Stöðugt er unnið að endurbótum, en á árinu 2019 verður lögð áhersla á uppbyggingu á upplýsingum um eignarhald sem og upplýsingum um starfsstöðvar.

Frá árinu 2016 hafa reglulega verið birtar heildstæðar tölur yfir rekstrar- og efnahagsyfirlit atvinnugreina. Tölur hafa nú verið birtar aftur til ársins 2002 til og með 2017. Með þessari framleiðslu var svarað mikilli eftirspurn samfélagsins um tölfraði atvinnugreina. Áfram verður unnið að því að auðga þessa tölfraði í samvinnu við helstu notendur hennar og þannig áfram svarað eftirspurn samfélagsins um betri tölfraði um atvinnugreinar. Á árinu 2019 verður unnið að frekari uppbyggingu á upplýsingum um fjárfestingar fyrirtækja og atvinnugreina samhliða því að tölfraðin er birt eins tímanlega og unnt er, en vinnsla hefst úr skattagögnum, sem tiltæk eru lok september til birtingar í október.

Á síðustu árum hafa í áföngum verið birtar lykiltölur um fjölda fyrirtækja og helstu rekstrarupplýsingar atvinnugreina (e. Structural business statistics; SBS) í samræmi við Evrópureglugerð 259/2008. Gögnin eru samanburðarhæf við önnur Evrópulönd og þeim jafnframt skilað til Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Á árinu 2017 hófst vinna við framleiðslu tölfraði um lýðfræði fyrirtækja (e. Business Demography). Fyrstu tölum um lýðfræði fyrirtækja var skilað til Eurostat í samræmi við reglugerð fyrir árin 2008–2016, haustið 2018 og eru skil á lýðfræði komin í takt við kröfur Eurostat um skil. Jafnframt hafa sömu upplýsingar verið birtar á vef Hagstofunnar. Áfram er unnið að uppbyggingu á lýðfræði fyrirtækja og greiningu gagna til að svara eftirspurn atvinnugreina, en unnið er að birtingu upplýsinga sem ekki eru lögbundnar samhliða vinnu norrænna hagstofa um lýðfræði og útflutningshneigð sem styrkt er af Norræna Ráðherraráðinu.

Unnið hefur verið að uppbyggingu á skammtímatölfraði og skammtímahagvísu atvinnugreina (e. Short Term Statistics; STS) á síðustu árum og mun þeirri vinnu vera haldið áfram á árinu 2019. Bæði eru unnið að tölfraði sem byggir á Evrópureglugerð 1165/98 sem og því að svara eftirspurn samfélagsins um skammtímatölfraði. Á síðustu árum hefur skammtímatölfraði atvinnugreina verið stórlega bætt með nýjum útgáfum, s.s. um fjölda launagreiðenda og launþega eftir atvinnugreinum og skammtímahagvísu ferðaþjónustu. Áfram verður unnið að uppbyggingu á skammtímatölfraði atvinnugreina, en á árinu 2019 verður unnið að þróun og framleiðslu á mánaðarlegri tölfraði um veltu eftir atvinnugreinum, bæði raun- og vísitölur sem skila skal Eurostat.



## Rannsókn á nýjungavirkni og nýsköpun fyrirtækja

Á árinu 2019 verður framkvæmd rannsókn á nýjungavirkni og nýsköpun fyrirtækja. Stefnt er að því að birta niðurstöður síðla árs 2019, en rannsóknin er framkvæmd annað hvert ár. Á árinu 2019 verður jafnframt framkvæmd rannsókn og notkun fyrirtækja á upplýsingatækni en rannsóknirnar fylgja alþjóðlegum stöðlum og aðferðarfræði OECD og Eurostat.

Á árinu 2019 verður gerð rannsókn á útgjöldum fyrirtækja og stofnana til rannsóknar- og þróunarstarfs. Stefnt er að því að birta niðurstöður síðla árs 2019, en rannsóknin er framkvæmd annað hvert ár. Á árinu verður jafnframt gerð rannsókn á notkun fyrirtækja á upplýsingatækni, en rannsóknirnar fylgja alþjóðlegum stöðlum og aðferðafræði OECD og Eurostat.

## Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að byggja upp framleiðslu á landbúnaðartölfræði þannig að bæði innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar séu uppfylltar. Áfram verður unnið að því, en nær allar alþjóðlegar skuldbindingar eru þegar uppfylltar. Áhugi hefur verið á frekari framleiðslu á rekstrartengdum upplýsingum hjá innlendum hagsmunaaðilum og var á árinu 2017 gerður sérstakur samningur um þá framleiðslu. Á árinu 2018 voru fyrstu tölur birtar fyrir árin 2008–2017 um rekstur og efnahag sauðfjárbúa, kúabúa og annarra nautgripabúa eftir landsvæðum og stærð. Áfram verður unnið að auðgun á þessari tölfræði sem og bætt við fleiri greinum s.s. garðyrkju til birtingar á árinu 2019.

Tölfræði um afla, aflaverðmæti og ráðstöfun afla verður með hefðbundnum hætti á árinu 2019.

## Tölfræði um ferðapjónustu

Vaxandi áhugi hefur verið á tölfræði um ferðapjónustu með stórlega auknu vægi atvinnugreinarinnar. Ýmis tölfræði hefur verið þróuð og komið til birtingar og á árinu 2019 verður áfram unnið að frekari birtingum á mánaðarlegri tölfræði um ferðapjónustu. Á árinu 2018 kom til mánaðarlegrar birtingar á áætlun um heildarfjölda gistinátta á öllum tegundum gististaða, en þar er gengið lengra en kröfur Evrópureglugerðar nr. 692/2011 segja til um. Hér bætast við hefðbundna og lögbundnar útgáfur áætlanir um seldar gistinætur í gegnum Airbnb og sambærilegar vefþjónustur, gistinætur í bílum utan tjaldstæða og gistinætur sem ekki er greitt fyrir s.s. húsaskipti og gisting hjá vinum. Framleiðslan hefur vakið mikla athygli hérlendis og erlendis og hafa þegar nokkrar kynningar átt sér stað erlendis á verkefninu. Á árinu 2019 verður unnið að frekara mati á mánaðarlegum upplýsingum um fjölda erlendra ferðamanna og útgjöldum erlendra ferðamanna.

### Umhverfistölfraði og umhverfisreikningar

Á árinu 2017 hófst undirbúningur að vinnu við framleiðslu umhverfisreikninga í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með fjármögnun á verkefninu og ráðningu sérfræðinga til verkefnisins. Verkefnið skiptist í nokkra hluta, en á árinu 2018 var unnið að tölfraði í þeim hlutum sem snúa að losun gróðurhúsalofttegunda frá hagkerfi Íslands. Gögnum var skilað til Eurostat og birt á vef Hagstofunnar fyrir árin 1995-2016. Jafnframt hófst vinna við orkuflæðisreikninga í lok árs 2018, en í upphafi ársins 2019 er stefnt að birtingu upplýsinga og skilum til Eurostat fyrir árin 2012-2016. Í kjölfar skila upplýsinga um orkuflæði verður unnið að reikningum um efnisflæði og stefnt að skilum til Eurostat og birtingum á árinu 2019.

## Rekstrarsvið

Rekstrarsvið er annað að tveimur stoðsviðum Hagstofunnar og gengur þannig þvert á aðra starfsemi. Deildir sviðsins eru þrjár; fjármál og rekstur, upplýsingatækni og gagnasöfnun. Rekstrarsvið leggur sig fram við að veita framleiðslusviðum Hagstofunnar góða þjónustu auk þess að vinna að betrumótum og samfelldum rekstri. Auk samvinnu við hagskýrslusviðin eru helstu áherslur sviðsins fyrir árið 2019 að efla innri starfsemi svo sviðið sé betur undir það búið að takast á við þau verkefni sem stofnunin í heild þarfnast. Uppbygging á innviðum upplýsingatæknideildar (UT) og gagnasöfnun, ásamt hraðari framþróun munu einkenna árið 2019.

### Fjármál og rekstur

Fjármáladeild Hagstofu Íslands samanstendur af fjármálastjóra og bókara. Helstu verkefni deildarinnar eru að færa bókhald stofnunarinnar, annast reikningagerð vegna sérvinnsla, sjá um greiðslu reikninga, bókun á ferðareikningum, launabókhald, virðisaukaskil, áætlunargerð, skil á mánaðarlegu uppgjöri til Fjársýslunnar og áætlunum til Forsætisráðuneytisins. Auk þess sér deildin um allan rekstur á húsnæði, aðföngum og öryggisaðbúnaði. Ný lög um opinber fjármál hafa kallað á breytingar og endurskoðun á tegundalyklum til samræmis við alþjóðlega flokkun (GFS). Gjaldalyklar hafa tekið breytingum vegna orlofsskuldbindingar sem nú er metin og færð til bókar. Meðhöndlun varanlegra rekstarfjármuna hefur einnig tekið breytingum og eru nú færðir til eignar og afskrifaðir mánaðarlega yfir notkunartíma. Nýtt áætlunarkerfi ríkisaðila var nýlega tekið til notkunar, vænst er til þess að aukin notkun verði til hagræðingar. Stefnt er að birtingu reikninga stofnunarinnar í opnum gögnum fyrir almenning.

### Gagnasöfnun

Deildin gagnasöfnun hefur umsjón með söfnun og skráningu gagna fyrir hagskýrslusviðin. Verkefnum innan deildarinnar hefur fjölgað jafnt og þétt og verða um 50 gagnasafnanir í reglulegum rekstri á árinu 2019. Þar á meðal er söfnun gagna í upplýsingaveitu sveitarfélaganna, söfnun um gistingu, söfnun vegna þjónustuviðskipta við útlönd, kreditkortaviðskipti, starfsemi skóla, mennta- og menningarstofnana, söfnun ýmissa gagna fyrir þjóðhagsreikninga, verðupptaka vegna alþjóðarsamanburðs (PPP) og verðupptaka og önnur innsöfnun fyrir vísitölur. Stærstu skráningarverkefni deildarinnar eru búrgagnaskráningar vegna rannsóknar á útgjöldum heimilanna og skráningar verðupptökulista fyrir vísitölu neysluverðs. Fyrirhugað er að söfnun gagna fyrir rannsóknir og spár flytjist til gagnasöfnunar á árinu. Einnig mun deildin vinna með UT deild að þróun nýs vefskilakerfis fyrir gagnasafnanir og áframhaldandi þróun spjalddölvakerfis fyrir verðupptökur.

## Úrtaksrannsóknir

Gagnasöfnun framkvæmir árlega fjórar úrtaksrannsóknir sem snúa að einstaklingum og heimilum. Þetta eru vinnumarkaðsrannsókn, rannsókn á útgjöldum heimilanna, lífskjararannsókn og rannsókn á upplýsingatækninotkun heimila. Í ár verða tvær einstaklingsrannsóknir til viðbótar framkvæmdar, heilsufarsrannsókn og rannsókn á menningarneyslu. Þrjár úrtaksrannsóknir á meðal fyrirtækja verða framkvæmdar á árinu, rannsókn á nýsköpunarstarfsemi, rannsókn á upplýsingatækninotkun og rannsókn á þjónustuviðskiptum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Að lokum verður ein rannsókn gerð á meðal lögaðila, en það er rannsókn á lausum störfum. Gagnasöfnun mun einnig bjóða heim norrænum kollegum haustið 2019 á vinnustofu um hönnun og prófanir við spurningalistagerð.

## Móttaka

Rekstur móttöku og símskiptiborðs Hagstofunnar heyrir undir gagnasöfnunardeild. Helstu verkefni eru símsvörun og miðlun erinda, móttaka og skráning gesta og umsjón með inn- og útsendum pósti. Unnið verður með UT deild að kaupum og uppsetningu á nýju símkerfi fyrir Hagstofuna á árinu.

## Upplýsingatækni

Upplýsingatæknideild vinnur náið með öllum sviðum Hagstofunnar. Á árinu 2018 voru gerðar umtalsverðar breytingar á skipulagi og áherslum deildarinnar. Deildin var gerð að hreinni upplýsingatæknideild með áherslum á uppbyggingu og þróun innviða. Stór skref voru tekin í átt að betri innviðum, þá sérstaklega innviðum kerfiseininga. Á árinu mun sú vinna halda áfram ásamt fartölvuvæðingu starfsmanna. Tæknilegir innviðir Hagstofunnar verða styrktir og gagnainnviðir verða endurskoðaðir og bættir. Samhliða þessum innviðabreytingum verður farið í innleiðingu á nýjum kerfum og uppfærslu á eldri kerfum, svo sem innleiðingu á skjalastjórnunarkerfi og nýju póstkjerfi sem og umbætur á ytri og innri vefum. Á árinu mun deildin einnig vinna að betrubótum á stjórnkerfi upplýsingaöryggis í tengslum við endurnýjun ISO 27001 vottunarinnar. Hlutverk innan stjórnkerfisins verða tekin til endurskoðunar ásamt framkvæmd áhættumats og verkefnisstýring tekin upp fyrir meðhöndlun áhættu hjá stofnuninni. Vinnulag og forgangsroðun verkefna innan deildarinnar mun einnig breytast á árinu með nýtingu töflustjórnunar fyrir alla þjónustu deildarinnar gagnvart sviðum Hagstofunnar.